

DR. HELGI PJETURSS:

SNORRI
STURLUSON

og

VILHJÁLMUR Þ.
GÍSLASON

LESBÓK MORGUNBLAÐSINS 1943

I.

Hjer fer á eftir sitthvað af því sem mjer kom í hug áðan, er jeg var að blaða í nýrri bók sem heitir Snorri Sturluson og goðafræðin. Og er það að vísu mikill ávinningur að fá Gylfaginningu svo vel úr garði gerða, bæði hið ytra og hið innra. Skýringarnar eru gerðar bæði af hugviti og miklum lærdómi, og auk þess að vera stórlærður, er V. Þ. G. snjall ritlistarmaður. Vænt þykir mjer um að sjá, hversu þessi mikilhæfi fræðimaður hefir glögglega skilið, að Sturlunga vanmetur Snorra og gerir honum rangt til. Því að sá maður var vissulega mikilmenni, og það sjaldgæfrar tegundar, sem á slíkri öld, og í hjáverkum gat komið af öðru eins snildar og fræðiverki og því, sem Snorri vann, verki sem stórmikil meuningaráhrif hefir haft og hefir enn, eigi einungis í Noregi og á Íslandi, heldur miklu víðar.

Það er óhætt að segja, að það er enginn smáræðis munur á sönnum mikilleika Snorra Sturlusonar og svo Gissurar Þorvaldssonar, þess mannsins sem frægastur varð á Íslandi sinnar aldar.

II.

Fátt er svo gott, at galli nje fylgi, er fornt spakmæli, og sannast það enn á þessari stórmannlegu bók. Þykir mjer sá gallinn verstur, að hinn lærði höfundur virðist ekki vita, eða metur a. m. k. einskis, að brugðið hefir verið upp nokkru íslensku ljósi, sem gerir alla goðafræði stórum skiljanlegri og merkilegri en orðið getur, meðan verið er á tómfræðistiginu, er svo mætti nefna. Eða m. ö. o., meðan haldið er, að í goðafræðum ræði einungis um það, sem aldrei var annað en hugarburður. En vjer getum nú vitað með vissu, að allar hugmyndir um goð og aðrar verur trúarinnar, eiga rót sína að rekja til, að vísu mjög vanskilins og missskilins sambands við líf á öðrum jarðstjörnum alheimsins.

Jeg segi það hiklaust, að það er ekki til áreiðanlegri vísindalegur sannleikur en þessi. Lýsingar á lífi í andaheimi, himnaríki og helvíti, byggjast á sambandsvitneskju nokkurri um líf í ljósheimum og myrkheimum jarðstjarna, sem hafa bundinn möndulsnúning, er svo er nefndur, snúa altaf sömu hliðinni að sól sinni, og eru því altaf bjartar öðru-

megin, en náttsvartar á hina hlið. En sú hlið, myrkheimurinn, verður þó byggileg vegna mjög stórkostlegra jarðelda og notkunar jarðhitans. Hversu skiljanleg og merkileg verða nöfn einsog Surtur og Loki (þ. e. Logi), þegar vjer vitum, að þeir sem þessa myrkheima byggja, eru stundum svartari en bik, en stundum sem eldur blossomandi. (Sjá það sem um þetta segir í Framnýal). Og hversu skiljanleg verða nöfnin Niflhel, staður þar sem bæði er dimt og kalt, og Gimhljer, þar sem bæði er hjart og hlýtt. Og mjög verður í augum uppi hvað Óðinsheitið Ómi þýðir, þegar menn vita, að hinum fullkonnari íbúum annara jarðstjarna fylgir hinn fegursti ómur, er þær birtast oss hjer á jörðu. Þá verður í ljósi Hyperzóismans, minnar heimspeki, mjög skiljanlegt það sem segir um megingjarðir Þórs, og Einherja. En nafnið Valhöll mætti e. t. v. setja í samband við það, að mjög veljast saman í hinu endurlíkamaða lífi á öðrum jarðstjörnum, þeir sem líkir eru. Og ekki kemur undarlega fyrir sjónir þeim sem nokkuð veit um jurtagróður í hinum betri stöðum alheims, lundurinn Glasir (þ. e. hinn skínandi, hjarti) sem stendur „með gollnu laufi“ fyrir durum Valhallar ok fegrstr viðr er með goðum ok mönnum. Og mætti um slíkt langt rita, þó að nú verði að öðru snúið.

V. Þ. G. segir án frekari athugasemda, að það sje umþráttáð mál, hvort Egils saga sje eftir Snorra. Hefði mjer þótt stórum skemtilegra að sjá mann, sem rjettilega metur Snorra nokkuð umfram það sem áður hefir verið, og svo glæsilega skrifar um stíl hans, taka þar af skarið, og segja að það geti ekki verið umþráttáð mál lengur, að Egils saga sje eftir Snorra. Því að það getur ekki verið neitt efamál, og það má ekki hafa af Snorra þann heiður, að hann sje höfundur þessa stórfenglega snildarverks sem Egla er.

Málfarið á Íslendingasögum er efni sem fræðimenn hafa hvergi nærri gefið nægan gaum ennþá, og er þar þó mjög merkilegt og árangursvænlegt rannsóknarefni. Stíllinn það er maðurinn, sagði náttúrufræðingurinn Buffon í frægri ræðu, og spekingurinn Seneca, einn af heimsmeisturum ritlistarinnar, kveðst vera að þýða grískt spakmæli, þegar hann kemst svo að orði, að orðtak manna líkist mjög lífernir þeirra. Vjer ættum því að geta orðið margt vísari um þá sem ritað hafa sögurnar, með því að athuga nógu vandlega málfar þeirra, og orðbragðið eitt geta nægt oss til að ganga nokkurnveginna úr skugga um það, hvort ýmsar sögur eru eftir sama höfund, eða ekki. Á Eglu, Njálu, Laxdælu, Eyrbyggju, Vatnsdælu, o. s. frv., er íslenskt mál, sögumál, en þó hefir hver

saga sitt mál, sín sjerstöku orð og orðtæki, sitt sjerstaka orðalag. Enginn maður gæti eftir nokkuð vandlega athugun, látið sjer til hugar koma, að einhverjar tvær af þessum sögum sjeu eftir sama höfund. En ef vjer bætum Heimskringlu við, þá er öðru máli að gegna. Vjer getum eftir vandlega rannsókn ekki verið í neinum vafa um það, að Heimskringla og Egla eru eftir sama manninn. Þar er hinn sami mikilúðlegi málblær, sömu orð og talshættir, sama tilhneiging til orðmyndunar af því tagi sem lítið er um hjá öðrum söguhöfundum. Ef þrátt að er enn þá um það, hvort Egla sje eftir Snorra, þá er það af einskærri vanþekkingu, eða þá af því, að menn vilja ekki meta rök þau sem leidd hafa verið í málinu. Að maður einsog V. Þ. G. skuli um þetta hafa getað komist að orði eins og gert er í bók þeirri, sem hjer ræðir um, verður mjer lítt skiljanlegt, nema jeg geri ráð fyrir því, að þessi mjög svo víðlesni höfundur hafi ekki lesið 3 ritgerðir, sem heita: Íslenska Snorra Sturlusonar, Snorramál og Höfundarmark á Íslendingasögum.

IV.

Að endingu skal víkið nokkrum orðum að myndum þeim, sem eru í þessari bók þeirra Snorra og Vilhjálm. Má af þeim fræðast nokkuð um það, hversu sá þáttur myndlistar Norðurlanda, sem að hinum forna norræna goðheimi snýr, er vesallegur. Er þar þó merkilegt verkefni og hefði mátt hafa stuðning af grískri myndlist. Sjálfsagt er, þegar hina norrænu guði og gyðjur skal sýna, að reyna að hafa sem fyrirmyndir það norrænt fólk sem allrafrems hefir verið að atgervi, og auka þó nokkru við. Og reynir þar að vísu á hina æðstu hæfileika listamannsins. Og jeg býst við, að það muni vera meir en lítill vandi að gera góða mynd af geltinum Gullinbursta, er rennur loft og lög, og svo lýsir af, að aldrei er svo „myrkt af nótt eða í myrkheimum“, að ekki sje ærit ljós þar er hann fer. En víst er um það, að ekki má hugsa sjer Gullinbursta sem vanalegt svín, fremur en

Sleipni sem vanalegan hest, eða dýr þau er Freyja ekur með, sem smáketti.¹⁾

Þá mun heldur ekki vera auðvelt að gera góðar myndir af vopni Þórs, Mjöllni, eða Óðins, Gungni. Ef rjett er að rita „Mjöllnir“, einsog sumstaðar er gert, en ekki „Mjólnir“, þá hefir „hamar“ Þórs nafn sitt af því, hversu bjartur hann er, eða það ljós sem hann sendir frá sjer, og er sambærilegur við þrumufleyg Seifs Grikkjaguðs. Og líkt er um geir Óðins, þó að þar sje það hljóðið, sem nafninu veldur, Gungnir, sbr. Gelunggung, sem er nafn á eldfjalli á Java. En drunur þær sem eldgosum geta fylgt, eru stórkost-

legustu hljóðin sem getur á þessari jörð.

Hefir nokkur listamaður á Norðurlöndum reynt sig alvarlega á því, að gera mynd af Baldri? Slík mynd mundi verða mikilsvirði, ef vel tækist, en síður er hægt að segja slíkt um myndir þar, sem listamaðurinn hefir aðeins gert sjer far um að fylgja sem nákvæmlegast ýmsum barnalegum hugmyndum sem fornmenn vorir gerðu sjer um þessar æðri verur, sem þeir skildu aldrei nema á mjög ófullkominn hátt. Og er nú tími til kominn, að sjá hver efni þar eru í, og bæta um sem þarf. Og að vísu nægja ýms fögur nöfn hins forna átrúnaðar, svo sem Baldur, Sif, Frigg, Freyja, Nanna, Iðunn, og enn önnur, til að sýna, að þar var vissulega um meira en eintóman andlegan barnaskap að ræða.

Helgi Pjeturss.

¹⁾ Rjett er að geta þess, að aðfinningar mínar eru ekki miðaðar við mynd þá, sem er framan á bókinni; hún hefir vel tekist.